

Djúpavogshreppur
Páll Jakob Líndal
Bakka 1
765 Djúpivogur

Reykjavík, 27. mars 2020
Tilvísun: 201910075 / 3.2

Efni: Tillaga að breytingu á aðalskipulagi vegna ljósleiðara frá sveitarfélagamörkum í norðri að Djúpavogi

Djúpavogshreppur hefur, með erindi dags. 13. mars 2020, sent Skipulagsstofnun til athugunar tillögu að breytingu á aðalskipulagi samkvæmt 3. mgr. 30. gr. skipulagslaga. Tillagan var samþykkt í sveitarstjórn Djúpavogshrepps

Skipulagstillagan er sett fram á uppdrætti í mkv. 1:50.000 og greinargerð dags. 6. febrúar/uppfært 13. mars 2020. Með erindinu bárust umsagnir sem höfð hefur verið hliðsjón af við mótun tillögunnar.

Í breytingartillögunni felst breytt lega ljósleiðara frá sveitarfélagamörkum í norðri að Djúpavogi.

Skipulagsstofnun hefur farið yfir framlögð gögn og gerir ekki athugasemd við að skipulagstillagan verði auglýst skv. 31. gr. skipulagslaga. Áður en tillagan er auglýst þarf að lagfæra tímasetningar í tölflu yfir helstu áfanga skipulagsvinnunnar.



Birna Björk Árnadóttir